

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

Fundargerð (24)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams miðvikudaginn 24. febrúar 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams, þau síðustu fyrir hádegi í dag.

Dagskrá

1. **Fundargerð 23. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Fram kom að verkefnisstjórn vannst ekki tími til að fara yfir og taka afstöðu til ábendinga sem verkefnisstjórn hafa borist úr stýrihópi vegna leiðbeininga til starfsfólks og stjórnenda um rétt starfsfólks í orlofstöku sumarið 2021. Verkefnisstjórnin mun senda stýrihópnum endurskoðaða útgáfu sína og enn gefa færi á efnislegum athugasemdum fyrir útsendingu fundargagna. Leiðbeiningarnar verða til afgreiðslu á næsta fundi stýrihópsins.
3. **Tæknimál - til upplýsinga og umræðu .** Stýrihópnum barst fyrir hádegi minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytis um stöðu tæknimála vegna vinnutímabreytinga í vaktavinnu, ásamt fylgiskjali um áherslur og áætlaða tímalínu við breytingar á Vinnustund miðað við 15. mars nk. Til undirbúnings umræðunni hafði verkefnisstjóri sett inn á Teams minnisblað um tæknimál þar sem tekin er saman umfjöllun stýrihópsins og bókanir í fundargerðum. Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins kemur fram að ríkið hafi auglýst eftir tilbúnum hugbúnaðarlausnum til umsjónar og skipulagningar vinnutíma vaktavinnufólks. Einstökum stofnunum ríkisins gefist kostur á að gera allt að 12 mánaða samninga við þjónustuaðila, á meðan ríkið undirbúi útboð fyrir sameiginlegt vaktavinnu- og viðverkerfið sem gert er ráð fyrir að allar stofnanir ríkisins verði aðilar að. Af hálfu

Reykjavíkurborgar var upplýst að gert sé ráð fyrir að Vinnustund geti þjónað þörfum borgarinnar vegna vinnutímabreytinganna og Samband íslenskra sveitarfélaga telur að sveitarfélögin muni almennt halda sig við tæknikerfin sem þau búa við. Í umræðu kom fram það mat verkefnisstjórnar að tæknimálin séu nú í skýrari farvegi en verið hefur.

4. **Kostnaður vegna skoðanakannana matshóps, fjármögnun.** Einar Mar fór yfir greinargerð matshóps um gerð kannana meðal vaktavinnufólks, sem lögð var inn á Teams fyrir hádegi. Með fylgdu framvinduskýrsla matshópsins til stýrihóps, fylgiskjal um kostnaðarskiptingu vegna skoðanakannana, yfirlit um lýsibreytur lykilmælikvarða og verkáætlun matshóps fyrir 2021. Stýrihópur mun kynna sér gögnin fyrir næsta fund en þá mun Einar Mar fyrir hönd matshópsins leggja fram tillögu til afgreiðslu málsins.
5. **Stuðningur við kyndilbera - til kynningar og umræðu.** Bára Hildur fór yfir minnisblað sem tekið var saman eftir umræðu um málið á síðasta fundi stýrihópsins. Samþykkt tillaga verkefnisstjórnar um að leggja áherslu á eftirfarandi til að auka þekkingu starfsfólks á kerfisbreytingunni framundan.
 - Setja inn daglegar fréttir á www.betrivinnutimi.is.
 - Deila fréttum á facebooksíðu betri vinnutíma í vaktavinnu.
 - Kosta fréttir á facebooksíðu.
 - Stéttarfélög deili fréttum og fræðsluefni á heimasíðum sínum sem og facebooksíðum.

Áhersla lögð á hversu mikilvægt er að fulltrúar í stýrihópnum leiti leiða til að koma fræðslu- og kynningarefninu á framfæri og hvetja til þess að það verði nýtt sem best.

6. Önnur mál

- Næsti fjarfundur ákveðinn þriðjudaginn 2. mars kl. 14-15.30.

Fundi slitið kl. 15.15. Fundargerð er aðgengileg á Teams.